Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

# Tímarit.is – Leiðbeiningar

## Efnisyfirlit


Leit að titlum ........ 1
Textaleit ........ 1
Síunarmöguleikar ........ 3
Leshamur og valhamur ........ 4
Til að finna ár og dagsetningar ........ 6
Deilingarmöguleikar ........ 8
Að skoða opnu eða heila blaðsíðu ........ 8
Prentun ........ 9
Aukaupplýsingar ........ 10
Til að snúa blaðsíðu ........ 10

## Leit að titlum

Þetta er upphafssíðan. Til að leita að ákveðnum Titli er best að fara efst og velja *Titlar*.

Einnig er hægt að skrifa titil beint í Textaleit.




## Textaleit

Ef leitað er eftir ákveðnum leitarorðum eða texta er orðið skrifað í textaleit.

Hægt er að nota fleiri en eitt leitarorð í textaleit og einnig er hægt að búa til samsett leitarorð með því að nota gæsalappir utan um tvö eða fleiri orð.

Hægt er að leita í ákveðnum titlum og tímabilum með því að velja *Ítarleit*.

Hér hefur notandi slegið upp orðinu *berjatíð*. Hægra megin á skjánum má sjá kassann *Sía leit*. Hann kemur upp á minni skjáum og snjalltækjum. Undir honum er hægt að finna upplýsingar um þá titla sem orðið kemur fram í og á hvaða árum.



## Síunarmöguleikar

Hér má sjá hvað er undir *Sía leit* takkanum. Þar er auðvelt að sjá í hvaða ritum orðið kemur fram og á hvaða árabili og hversu oft orðið kemur fram.



Þegar valið er *Titlar* á byrjunarsíðu er hægt að velja titla eftir stafrófinu. Einnig er hægt að velja fellilistann þar sem stendur *Titill* og þar eru fleiri síunarmöguleikar. Þar er til dæmis hægt að velja árabil, tungumál, tegund titils og fleira.




## Leshamur og valhamur

Þegar valinn er titill blaðs opnast það í *valham*.

Þar er dagatal þar sem hægt er að velja hvaða dag á að skoða.

Þar er einnig hægt að velja önnur dagblöð á þeim degi.



Til að skoða blaðið er best að velja *Lesham*. Þá opnast blaðið í viðmóti sem er auðvelt að lesa af.

Athugið að þegar gerð er textaleit og smellt er á leitarniðurstöðurnar opnast þær sjálfkrafa í lesham.

Í leshamnum er hægt að leita að orði og þá lýsist það upp í textanum (bláleit yfirstrikun).

Enn sem komið er hafa ekki öll tímarit verið keyrð í gegnum ljóslesturs forritið sem lætur leitarorðin lýsast upp í textanum.

Verið er að vinna að þessu og fljótlega munu leitarorðin lýsast upp í öllum ritum.




Það sést á á sleðanum fyrir neðan, hvar í blaðinu orðið kemur fyrir. Sleðinn er einnig hjálplegur til að renna hratt yfir blaðið.



## Til að finna ár og dagsetningar

Til að finna ákveðið ár þarf fyrst að ýta á árið:




Og ef ýtt er aftur á árið fást fleiri ártöl




Og ef ýtt er aftur:




Og ef ýtt er aftur:




Ef valið er t.d. 2000:




Þá er hægt að velja mánuð og þaðan dagsetningu:



## Deilingarmöguleikar

Hér erum við í leshamnum:




Til að deila síðu er best að velja Deila efst til hægri.




## Að skoða opnu eða heila blaðsíðu

Í leshamnum er hægt að velja eina blaðsíðu eða heila opnu og nota stækkunargler til að stækka eða minnka myndina.



Ef valið er að skoða eina blaðsíðu þá kemur ekki upp möguleikinn að opna síðuna í PDF.

PDF tengill er ekki fáanlegur á minni skjáum eða snjalltækjum.

Ef valin er heil opna, opnast blaðið eins og dagblað.

Ef valin er ein blaðsíða er hægt að renna í gegnum blaðið.




## Prentun

Ef ætlunin er að prenta út skjal skal fyrst opna það í PDF:




Og þá er hægt að prenta út.




## Aukaupplýsingar

Í valhamnum er hægt að renna niður skjáinn og þar eru auka upplýsingar um ritið.




## Til að snúa blaðsíðu

Ef þörf er á að snúa síðu um 90 gráður þarf að opna skjalið fyrst í PDF.